



Verklagsreglur um málsmeðferð ef grunur vaknar um að starfsmaður hafi brotið gegn börnum og unglungum

Inngangur

Samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, lögum um grunnskóla, lögum um leikskóla og æskulýðslögum skal starfsfólk stofnunar rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samvirkusemi og gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki. Jafnframt segir að starfsfólk stofnunar skuli gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu. Verði brestur á þessu ber stjórnanda stofnunar að bregðast við með viðeigandi hætti. Slík mál geta verið afar ólík og stundum getur verið erfitt að greina hvort starfsmaður hafi brotið af sér. Ásakanir eða grun verður að rannsaka þegar í stað og ganga úr skugga um hvort um brot sé að ræða. Stjórnandi stofnunar skal gæta fyllsta hlutleysis við rannsókn máls.

Tilkynning um brot

Tilkynning um brot þarf að berast stjórnanda stofnunar formlega. Tilkynning skal vera skrifleg og ef brotið er tilkynnt munnlega í viðtali skal stjórnandi skrá niður tilkynninguna og tilkynnandi skrifar undir. Ekki er hægt að tilkynna brot í gegnum síma. Ef stjórnandi hefur grun um brot skal hann kanna málið strax og upplýsa sinn næsta yfirmann.

Vinnsla máls

1. Formleg ávirðing berst / grunur vaknar
 - a. Sé brotið augljóst og alvarlegt, er starfsmaður sendur í leyfi meðan málið er rannsakað.
2. Rannsókn
 - a. Stjórnandi stofnunar rannsakar málið strax og ræðir við brotapolu, starfsmann og aðra þá sem að málinu koma, t.d. vitni. Hann skráir samtöl við alla aðila niður. Starfsmaðurinn á rétt á að hafa trúnaðaramann eða fulltrúa stéttarfélags síns með. Ef þörf er á að ræða við börn og/eða unglinga skal upplýsa foreldra um málið og eiga samvinnu við þá um aðkomu barns að málinu.
 - b. Stjórnandi metur hvers eðlis málið er og kynnir málsaðilum niðurstöðu sína.

3. Viðbrögð
 - a. Ef ekki er um brot að ræða verða engin frekari viðbrögð.
 - b. Ef um minniháttar brot er að ræða, ræðir stjórnandi við starfsmann og veitir honum skriflega áminningu.
 - c. Ef um meiriháttar brot er að ræða eru viðbrögð skrifleg áminning eða brottrekstur úr starfi.
 - d. Starfsmanni sem vikið hefur verið úr starfi meðan á rannsókn málsins stendur yfir og veitt er áminning kemur aftur til starfa.

4. Skýrsla
 - a. Stjórnandi gerir skýrslu um vinnslu málsins, niðurstöður og viðbrögð.

5. Ósætti
 - a. Ef annar eða báðir málsaðilar eru ósáttir við niðurstöðu stjórnanda er málinu vísað til menntasviðs.

Stjórnsýslulög

Stjórnandi stofnunnar skal gæta þess við alla vinnslu málsins að fylgja stjórnsýslulögum í hvívetna, (rannsóknarregla, jafnræðisregla, meðalhófsregla, andmælaréttur og upplýsingaréttur). Sjá nánar leiðbeiningar um uppsagnir og áminningar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Ásakanir um kynferðisbrot

Stjórnandi stofnunar rannsakar ekki ásakanir um kynferðisbrot og líkamlegt ofbeldi heldur tilkynnir málið þegar til barnaverndarnefndar og / eða lögreglu. Ef málið fer til barnaverndarnefndar og / eða lögreglu vikur starfsmaður úr starfi á meðan á rannsókn stendur.

Aðstoð

Stjórnandi stofnunar getur leitað utanaðkomandi aðstoðar við vinnslu máls, t.d. hjá menntasviði.